

væri, sem ferðaðist með einka-vögnunum. En þegar hinum okunna ferðalang var sagt frá því, að lestin mundi staldra við í níutíu mínútur í Ogden, lét hann einkaritari sína skýra frá því, að hann vildi þegar stað taka á leigu aðra lest og halda undir eins af stað í áttina til Las Vegas, sem var ákvörðunar staður hans.

HANN KAUPIR HÓTEL FYRIR 13 MILLJÓNIR DOLLARA

Honum var sagt, að það kostaði 17 þúsund dali (um 1,5 millj. ísl. kr.) að losna við þessa níutíu mínútna töf. Þær upplýsingar höfðu engin áhrif á einkaritarana, sem sögðust þurfa að flýta sér, og þessi 17 þúsund dala lest dró vagnana tvo yfir víðáttuna miklu, sem aðskilur Utah og Nevada.

Þegar loks var gefin skipun um að nema staðar, var lestin fæinar mílur frá Las Vegas á stað, sem tæpast er annað en punktur á landabréfi, og þar biðu allmargar bifreiðir. Lífverðirnir báru sjúkrabörur út úr öðrum vagninum, lotningarfullir á svip, en á börnunum lá maður, sem leit út fyrir að vera dæinn eða fársjúkur, og þeir báru hann inn í eina lúxus-bifreiðina.


Bifreiðaflotinn stefndi áleiðis til Las Vegas borgar, og nam staðar fyrir utan risahóтелиð „Desert Inn“, sem jafnframt er eitt helzta spilavítið.

Öll niunda hæðin hafði verið undirbúin fyrir komu þessa manns, sem ekki vildi láta upp skátt um nafn sitt. En allir vissu, að hér var á ferðinni Howard Hughes, milljarðamæringurinn, sem var að koma frá Boston, þar sem hann hafði gengizt undir uppskurð, (menn vissu ekki hvers konar), en þar hafði hann einnig leigt heila hæð í sjúkrahúsi í allmarga daga, áður en hann fór burt með þessu skrítna föruneyti.

Fjöldi spilagesta og blaðamanna aðstoðaði við að bera sjúkrabörurnar upp stigann. En á meðan á þessu stóð kom hin yfirgefna lest inn á brautarstöðina í Las Vegas, og út úr henni steig Howard Hughes, illa rakaður eins og hans er vandi, í gatslitnum buxum og skóhlífum. Hann gekk þvert yfir forsál hótelsins, þar sem allir stóðu og ræddu nýafstaðna atburði, fór inn í lyftuna og hélt upp á níundu hæð.


Á sjúkrabörunum hafði aðeins verið brúða, og Howard Hughes gat gengið í mannfjöldanum, eins og ósýnilegur maður, því að ósýnilegur hafði hann orðið, ekki á yfirnáttúrulegan hátt eins og í skáldsögum, heldur með því herbragði að afmá sig úr minningu samtímamanna sinna með því að sýna sig aldrei neinum, nema tuttugu og fjórum trúnaðarmönnum, sem skiptast á að gæta hans dag og nótt, sex og sex í senn, á fjögurra til átta stunda vöktum eins og á skipi. Og enginn þessara manna hefur nokkru sinni brugðizt þagnarskyldu sinni — því að þeir eru mormónatrúar, neyta hvorki áfengis né tóbaks, og eru alls trausts verðir.

Framhald á bls. 10.



Þrjár myndir eftir Gunnar Örn Gunnarsson.

LITIÐ Á LISTINA



Að ofan: „Hrúður“, málverk eftir Hörð Ágústsson. Til vinstri: „Stríðshetjan“, skúlptúr eftir Jón Benediktsson.

Haustsýning FÍM hefur með árunum orðið viðburður, sem beðið er eftir, vegna þess að hún á að minnsta kosti að vera öllum frjáls til þátttöku og ætti að geta gefið einhverja mynd af stöðu myndlistarinnar á hverjum tíma. Að þessu leyti er haustsýningin eins og opið íbróttamót, þar sem gott tækifæri gefst til að bera saman getu einstakra manna svo og styrkleikann í heild.

Stundum hafa þessar haustsýningar valdið vonbrigðum og jafnvel leiða, sem smám saman verður til þess að fólk hættir að nenna á málverkasýningar. Það hefur oft komið fyrir að örfáir menn taka upp meiripartinn af sýningarrýminu. Maður gat sagt við sjálfan sig áður en inn var komið: Nú blasa þeir við þessir sömu, sem af einhverjum ástæðum eru allt af hengdir, þar sem mest ber á og myndirnar eru eins og í fyrri og hittifyrri og árið þar áður. Maður hættir að muna, hvað langt það nær aftur í tímann.

Sýningin í ár er kannski ekki mjög athyglisverð á neinn hátt, en hún er betri en oft áður. Það kemur fyrst og fremst til af því, að nýtt og ókunnugt fólk er að bætast í hópinn. Sýningargestinum verður gleðiefni að sjá eina og eina mynd, sem ekki var þarna í fyrri og áráðir þar á undan. Það er einnig greinilegt, að stórauðinn áhugi er á skúlptúr. Og það telst til tíðinda, að verk skuli seljast svo um munar á samsýningu, þar á meðal skúlptúr. Einnig er sú tilhneiging augljós, að nota fleira til myndsköpunar en oliu á léreft.

Það vekur athygli, að ungu málaraana vantar, þá er standa að SÚM félaginu. Þeim finnst að visu sumum, að FÍM sé félagskapur gamalla kalla og þeir eigi ekkert erindi þar. En

sýningin mundi óneitanlega fá stórauðna breidd með þátttöku yngri manna. Það vekur einnig athygli, að marga kunnustu myndlistarmenn okkar vantar; margir þeirra eru meira að segja í félaginu. Þar á meðal má nefna Þorvald Skúlason, Veturlíða, Benedikt Gunnarsson, Sverri Haraldsson, Steinhólr Sigurðsson, Sigurð Sigurðsson, Jóhannes Geir, Eirík Smith, Hring Jóhanneson, Svavar Guðnason, Örlyg Sigurðsson, Jóhann Briem og Gunnlaug Scheving. Mætti af því ráða, að einhverskonar leiði hafi einnig gripið um sig í röðum málaraana sjálfra; þeir hafa varla mikinn áhuga á að gera haustsýninguna sterka, fyrst þeir kæra sig ekki um að vera með. Aðeins 22 málaraar sýna þarna og getur það naumast talizt breið yfirlitssýning. Aftur á móti sýna sumir þeirra fjögur verk og sýnist það að

minnsta kosti í sumum tilfellum vera óþarfliga vel í lagt.

Það hefur oft vakið athygli og jafnvel verið brosað að því, hvað sýningarnefndir félagsins eru rausnarlegar við sjálfa sig. Þeir sýningarnefndarmenn úr hópi málara áttu samtals 15 myndir á veggjum Norræna húsin. Samt var ekki hægt að taka eina einustu mynd eftir Finn Jónsson og sendi hann þó tilskilinn fjölda til að velja úr. Kannski er það ekkert stórmál og sjálfsagt að sýningarnefndin taki það, sem henni lízt best á.

Bragi Ásgeirsson minntist á í grein í Morgunblaðinu, að óþarft væri að líta einvörðungu til hinna ungu í von um frjóa listsköpun og nýjar hugmyndir. Þetta er hverju orði sannara hjá Braga. Myndlistin hefur að því leyti sérstöðu meðal flestra listgreina, að fjöldi margir myndlistarmenn virðast standa uppá sitt bezta

um sextugt og jafnvel síðar. Það er auðsætt mál, að menn staðna á öllum aldri og í myndlistinni staðna sumir því miður nokkuð snemma. En öðrum auðnast að bæta við sig fram eftir árunum. Bragi hefur sjálfur verið að gera tilraunir með hluti í myndir og hefur þróað það svo verulegur fengur er að. Ég hef orðið var við, að margir hafa horn í síðu þessarar tegundar myndlistar. En eins og löngum áður skiptir minna máli hvað gert er, heldur hvernig það er leyst. Mér virðist Bragi rækta sinn garð með kunnáttu og smekkvisi.

Einar Hákonarson hefur tekið ákveðnum breytingum innan ramma þess myndstils, sem hann hefur tileinkað sér síðan hann sýndi fyrst. Hann átti til að vera dálítið slappur í lit og ennþá er liturinn veikasti Framhald á bls. 13.



„Stórfjölskylda“, málverk eftir Einar Hákonarson.

